

Ed.

411. Nefndarálit

[131. mál]

um frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950, sbr. lög nr. 29 9. maí 1955 og lög nr. 23 12. maí 1960.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Fyrir Alþingi liggur frv. til breytinga á jarðræktarlögum. Eigi skal gert lítið úr þeim breytingum, það sem þær ná, en almennt mun bændastéttin hafa búizt við því, að ríkisstjórnin mundi beita sér fyrir heildarendurskoðun jarðræktarlaga.

Enn þá mega bændur horfa fram á það, að öll framlög ríkisins samkv. jarðræktarlögum hverfi smám saman í ört vaxandi viðreisnardýrtíð ríkisstjórnarinnar. Þannig hefur það verið undanfarandi ár, og í þessu jarðræktarlagafrv. er á þessu engin breyting gerð. Vísitalan, sem jarðræktarframlagið byggist á, var bundin 1960 og hefur verið það síðan og virðist eiga að vera það áfram. Þess mun því ekki langt að bíða, að þær breytingar, sem ríkisstjórnin leggur nú til í þessu frv., hverfi í dýrtíðarhít ríkisstjórnarinnar.

Það er öllum landslýð kunnugt, hvernig hugarfar stjórnarflokkanna er gagnvart landbúnaðinum. Árlega fella þm. stjórnarflokkanna eða drepa á dreif öllum þeim frv., sem fram koma á Alþingi og miða að því að efla landbúnaðinn. Þetta lýsir innsta eðli þeirra og vantrú á mátt moldarinnar og varanlega uppbyggingu landbúnaðarins. Árlega verða margir bændur að hætta búskap, sakir elli eða annarra ástæðna. Þetta væri út af fyrir sig ekki athugavert, ef svo væri að ungu kynslóðinni býið, að hún gæti hafið búskap, en því fer víðs fjarri, nema hún njóti ríkulegrar hjálpar sinna nánustu. Þetta lýsir vel þeim þætti stjórnarstefnunnar, hvernig býið er að unga fólkinu, svo að það geti hafið búskap og haldið áfram að rækta og nema landið, eins og gert hefur verið allt fram til þessa.

Jarðræktarlögin hafa átt sinn mikla þátt í því að létta undir með bændum í því nýja landnámi, sem hófst eftir að þau voru sett. Eigi jarðræktarlögin að hafa jafnmikið gildi nú og í framtíðinni eins og þau höfðu fyrir viðreisn, þarf að stíga stærra skref en gert er með þessu frv.

Við, sem erum í minni hl. landbúnaðarnefndar, munum fylgja þeim breytingartillögum, sem þetta jarðræktarlagafrv. gerir ráð fyrir, en þar sem þessar breytingar ná að okkar dómi allt of skammt, flytjum við breytingartillögur á sérstöku þingskjali. Okkur finnst, að það megi ekki dragast að lögfesta þær breytingar, ef ekki á að verða of stórt skarð í íslenska bændastétt á næstu árum.

Alþingi, 21. marz 1964.

Ásgeir Bjarnason, Páll Þorsteinsson.  
frsm.